

Verklagsreglur Fjármálaeftirlitsins vegna fyrirspurna og ábendinga

Leiðbeiningar til einstaklinga og lögaðila

Fjármálaeftirlitið leiðbeinir viðskiptavinum eftirlitsskyldra aðila í samræmi við 7. gr. stjórnsýslulaga. Fjármálaeftirlitið leitast við að leiðbeina aðilum um þau úrræði sem þeir hafa til að ná fram rétti sínum, m.a. hvaða aðilar fari með úrskurðarvald í þeirra málum.

Einstaklingar og lögaðilar geta beint fyrirspurnum til Fjármálaeftirlitsins í síma eða með skriflegum hætti og er þeim almennt svarað með sama hætti og þær berast.

Áréttað er að framanritað á eingöngu við leiðbeiningar til viðskiptavina eftirlitsskyldra aðila. Vilji aðilar leggja fram ábendingu vegna starfshátta þeirra skal það gert skriflega, annað hvort með bréfi eða í gegnum heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Ábendingar frá einstaklingum og lögaðilum

Fjármálaeftirlitið hefur ekki úrskurðarvald í einstökum ágreiningsmálum eða sker úr um réttindi og skyldur aðila að einkarétti eða ágreiningi um sönnun málsatvika. Þeir sem beina erindum til eftirlitsins eiga ekki sjálfkrafa rétt á því að ábendingar þeirra verði teknar til meðferðar. Ákvörðun um slíkt er ávallt í hendi Fjármálaeftirlitsins.

Allar ábendingar sem berast Fjármálaeftirlitinu eru metnar og skoðað hvort tilefni er til nánari athugunar. Telji eftirlitið ástæðu til að taka mál til athugunar er það gert á grundvelli almenns eftirlits, þ.e. hvort starfsemi viðkomandi eftirlitsskylds aðila sé í samræmi við lög, reglur og eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Þrátt fyrir að ábending frá einstaklingi eða fyrirtæki leiði til slíkrar athugunar, telst sá hinn sami ekki sjálfkrafa aðili máls og ekki er víst að slík athugun leiði sjálfkrafa til lausnar á úrlausnarefni viðkomandi aðila.

Vilji aðilar koma ábendingu á framfæri vegna starfshátta eftirlitsskyldra aðila skal það gert skriflega, annað hvort með bréfi eða í gegnum heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Bein úrræði neytenda og lyktir mála

Þau úrræði sem einstaklingum og lögaðilum standa til boða til að leita réttar síns vegna einstakra viðskipta við eftirlitsskylda aðila eru úrskurðarnefndir, gerðardómar og almennir dómstólar.

Tvær sjálfstæðar úrskurðarnefndir eru starfræktar sem fjalla um ágreiningsmál viðskiptavina [neytenda] við eftirlitsskylda aðila. Þær eru Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum og Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið vistar báðar þessar nefndir, tekur við málskotum, sér nefndunum fyrir fundaraðstöðu og annast almennt skrifstofuhald fyrir þær. Nánari upplýsingar m. a. um starfsemi og málskot til nefndanna er að finna á heimasíðu FME, www.fme.is.

Sé um að ræða ágreining milli lífeyrissjóðs og sjóðsfélaga, getur sjóðsfélagi skotið þeim ágreiningi til gerðardóms sbr. 33. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Nánari upplýsingar um gerðardóma er að finna í samþykktum viðkomandi lífeyrissjóða.

Aðilar geta ávallt leitað réttar síns fyrir almennum dómstólum hafi ágreiningsefnið ekki verið undanþegið lögsögu þeirra með lögum eða samningi.